


Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar

Ásdís Guðmundsdóttir, deildarstjóri rannsókna og þróunar, Vegagerðin

Rannsóknir og þróun

Rannsókn- og þróunarstarf hefur ávallt verið mikilvægur þáttur í starfsemi Vegagerðarinnar. Breytingar hafa orðið á umfangi rannsókna á síðasta áratug og með nýjum vegalögum sem samþykkt voru 1994, tvöfaldaðist fjármagn til rannsókna (sjá mynd1). Samkvæmt þeim skal nú verja 1% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar til rannsókna og tilrauna ár hvert, svokallað tilraunafé. Í beinu framhaldi var stofnað sérstakt rannsókn- og þróunarsvið innan Vegagerðarinnar árið 1994. Einnig koma til auknar kröfur og nýir möguleikar um þátttöku í erlendu samstarfi með aðild Íslands að evrópska efnahagssvæðinu (EES).



Mynd 1 – Fjárveitingar til rannsókna 1994 – 2002.

Innlendar rannsóknir

Á innlendum vettvangi er rannsókn- og þróunarstarf Vegagerðarinnar mest byggt á áður nefndu tilraunafé, sem er ákveðinn liður í vegáætlun hvers árs og er sem fyrr segir 1% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar. Árið 2002 var fjárveitingin 98 m.kr. Féð fer til margra mismunandi verkefna og eru þau ýmist unnin innan Vegagerðarinnar eða af utanaðkomandi aðilum, s.s. hjá háskólunum, ráðgjafastofum, einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum stofnunum.


Áherslur varðandi rannsóknir í vegagerð eru að nokkru leyti ólíkar því sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Óblíð veðráttu, náttúruvá s.s. eldgos, vatns- og snjóflóð, ásamt þeirri staðreynd að vegakerfið er enn tiltölulega vanþróað, hefur áhrif á þau viðfangsefni sem efst eru á baugi í rannsóknum ár hvert. Kröfur um betri vegi og greiðari og öruggari samgöngur fara vaxandi. Þetta endurspeglast víða í stefnu stjórnvalda. Í nýrri samgönguáætlun er m.a. stefnt að því að leggja vegi með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi milli stærri þéttbýlisstaða á landinu. Einnig hefur Alþingi samþykkt þingsályktun um stefnumótun um aukið umferðaröryggi, þar sem stefnt er að fækkun banaslysa og annarra alvarlegra umferðarslysa hér á landi. Þessar kröfur og áherslur í þjóðfélaginu hafa ásamt hlutverki og markmiðum Vegagerðarinnar (sem skilgreind eru af stjórnendum hennar) áhrif á þær áherslur sem eru í rannsóknarstarfi Vegagerðarinnar.

Átta rannsóknaflokkar hafa verið skilgreindir:

1. Vegyfirborð, tæki og búnaður
2. Brýr og steinsteypa
3. Vatnafar, snjór og jöklar
4. Umferðaröryggi
5. Samgöngurannsóknir
6. Umhverfismál
7. Jarðtækni
8. Steinefni, burðarlög og slitlög

og að lokum önnur verkefni sem ná yfir erlent rannsóknasamstarf.


Árið 2001 og 2002 fengu um 100 verkefni fjárveitingar hvort ár. Verkefni og fjárveitingar til þeirra eru flokkuð í ofangreinda átta flokka samkvæmt mynd 2.



Mynd 2- Skipting fjárveitinga 2001 og 2002

Átaksverkefni

Ákveðið hefur verið að hafa átak til hverra 5 ára um afmörkuð efni við úthlutun tilraunafjár. Þannig var á árunum 1995-2000 lögð áhersla á rannsóknir á sviði steinefna, burðarlaga og slitlaga, s.k. BUSL verkefni, en á árunum 2001-2006 verður lögð sérstök áhersla á umferðaröryggi. Í því tilefni stóð Vegagerðin fyrir því að koma á fót Rannsóknarráði umferðaröryggismála, með þátttöku 15 opinberra stofnana, félaga og samtaka.



Mynd 3 – Fjárveitingar til átaksverkefna 1996 – 2002.

Miðlun

Miðlun rannsóknarniðurstaðna er mikilvæg og eru rannsóknarskýrslur og útgáfa hefðbundnar miðlunaraðferðir sem notaðar hafa verið hingað til. Gert er ráð fyrir að skýrslur séu gefnar út um öll þau rannsóknaverkefni sem fá fjárveitingu frá Vegagerðinni. Fólk sækir sér upplýsingar af netinu í auknum mæli og er það orðið eitt mest notaða tækið til að fá yfirlit yfir rannsóknir í Evrópu. Vegagerðin hefur brugðist við þessu á þann hátt að birta all flestar rannsóknarskýrslur á heimasíðu Vegagerðarinnar. Þeir vísindamenn sem hafa unnið að rannsóknarverkefnum sem styrkt eru af Vegagerðinni taka þátt í ráðstefnum og fundum, bæði hér á landi og erlendis, þar sem verkefni eru kynnt og einnig eru birtar greinar í fagtímaritum.